

Félag eldri borgara á Akureyri

3. stjórnarfundur EBAK 5. júní 2019 kl. 13.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Garðar Lárusson, Nanna Þórsdóttir, Egill Jónsson, Sigurður Harðarson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

Fjarverandi: Birgir Björn Svavarsson.

1. Fundarsetning. Formaður setti fund kl. 13.10.

2. Fundargerðir til yfirferðar/afgreiðslu:

a) 13. stjórnarfundur 28. mars 2019. Samþykkt.

b) Aðalfundur 1. apríl 2019. Lagfæra þarf nokkur atriði. Fundargerðin var afgreidd þannig að ritari og ritarar fundarins lagfæra þessi atriði, ganga frá fundargerðinni og setja hana inn á netið.

c) 2. stjórnarfundur 8. maí 2019. Samþykkt.

3. Skráning í dagbók í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd.

Sigurður var í viðveru 8. maí og fékk fyrirspurn um félagsgjöld. Egill og Nanna voru 15. maí, engin mætti. Margrét var 22. maí, 1 fyrirspurn og Hallgrímur var 29. maí, 2 fyrirspurnir, 2 gengu í félagið.

4. Viðvera á skrifstofu:

5. júní: Haukur. Skrifstofan verður lokað í sumar. Ritari sér um að láta taka auglýsingu um opnunina út úr Dagskránni.

5. Verkefni milli stjórnarfunda:

a) LEB blaðið – Dreifing. Skipuleggja þarf dreifinguna betur, jafna henni betur á milli félaga. Víða eru íbúðirnar illa merktar og erfitt að komast inn í sum fjölbýlishúsin. Gekk vel í heildina.

b) Gönguklúbbur. 43 mættu á undirbúningsfund 13. maí. Ákveðið að ganga frá 16. maí og út september, nema á uppstigningardag 30. maí. Umsjón hafa: Magnús Friðriksson, Ásrún Alfreðsdóttir og Hrefna Hjálmarsdóttir. 16. maí gengu 35, en 31 23. maí.

c) Göngur í Kjarnaskógi. Fyrsta ganga var þriðjudaginn 4. júní.

d) Tölvukynningar. Tvö skipti búin og mættu fáir. Það verður byrjað aftur næsta haust. Nauðsynlegt er að ná til fólks sem kann ekkert á tölvur og er jafnvel hrætt við þær.

e) Ársfundur SAK. Haukur og Margrét mættu. Margrét sagði frá. Starf hollvina og fleiri stuðningsaðila vakti sérstaka athygli hennar. Þau gáfu augnlækningatæki. Fyrir tilstilli Samherja hefur opnast möguleiki á að gera hjartaþræðingar hér.

f) 1. og 2. fundur öldungaráðs. Tveir fundir voru haldnir í öldungaráði í maí. Ráðið hefur afgreitt umsögn um akstursþjónustu Akureyrarbæjar og gerði athugasemd við að þar er hvergi minnst á eldri borgara. Formaður og varaformaður ráðsins funda með bæjarráði um fjárhagsáætlun 2020. Stýrihópur um heilsueflandi samfélag er tekinn til starfa. Halldór Gunnarsson er fulltrúi öldungaráðs í hópnum og Valgerður Jónsdóttir til vara.

6. Búfesti. Haukur sagði frá fundi um mögulegt skipulag í Holtahverfi á vegum Búfestis.

Félagið hefur ekki skuldbundið sig á neinn hátt. Sveigjanlegur eignahluti. Hákon Hákonarson er tilbúinn í að vera einn af tengiliðum EBAK. Sigurður, Margrét og Egill eru líka tilbúin til þess.

- 7. Sumarstarf félagsmiðstöðvanna.** Margrét skýrði frá því að opið verður alla virka daga í Víðilundi til 15.45. Í Bugðusíðu verður opið alla virka morgna og tvo daga e.h.
- 8. Skráningar á þátttöku.** Linda mun annast skráninguna. Ritari ætlar að skrifa formönnum nefnda, ráða og klúbba um að skila inn upplýsingum um þátttöku og að skrá sig í dagbók, vegna þess að hætta er orðin á árekstrum vegna mikillar starfsemi.
- 9. Félagsskírteini.** Rætt var um hvernig eðlilegt væri að hafa kortin gagnvart gildistíma. Ákveðið að gefa út kort fram á haustið með gildistíma árið 2019.
- 10. Námskeiðahald á haustönn.** Akureyrarbær og fræðslunefnd EBAK munu samræma námskeiðahald hjá sér. Væntanleg námskeið á vegum stjórnar EBAK eru tölvuaðstoð, matreiðslunámskeið og skriðsundsnámskeið.
- 11. Grái herinn.** Haukur útskýrði hlutverk hersins, sem er fóstiaður af Félagi eldri borgara í Reykjavík. Markmið þeirra er að fara í mál til að reyna að fá skerðingar vegna tekna afnumdar. Einnig útskýrði hann tilgang hóps á vegum velferðarráðuneytisins sem hann situr í, sem er að yfirfara tekjugrunna þeirra 30% ellilífeyrisþega, sem ná ekki lágmarkstekjum. Ákveðið að gerast stofnaðilar að Málsóknarsjóði Gráa hersins með 75.000 krónu framlagi.
- 12. Næsti stjórnarfundur EBAK:** Tillaga er um miðvikudaginn 21. ágúst nk. kl. 13 – 15. Samþykkt.
- 13. Önnur mál:**
 - a) Kvörtun barst í viðtalstíma bæjarfulltrúa um loftgæði í sal í Bugðusíðu. Loftræstingin var biluð fram eftir vetri, en búið var að gera við hana. Það þarf að reka á eftir þessu máli hjá Akureyrarbæ. Margrét benti á að árekstrar yrðu gjarnan eins og á milli handavinnu og mánudagsfræðslu fræðslunefndar.

Formaður sleit fundi kl. 15.30.

Hallgrímur Gíslason ritaði fundargerð.